

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Hamarsgata 6, breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 940. fundi sínum 26. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Lambastaðahverfis – breyting vegna Hamarsgötu 6.

Í breytingunni felst að afmarkaðir eru tveir nýir byggingarreitir fyrir garðhýsi og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkað úr 0,2 í 0,3.

Bakkavör 28, breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar á 940. fundi sínum 26. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Bakkahverfis – breyting vegna Bakkavarar 28.

Í breytingunni felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu og garðhýsi, einnig er nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkað úr 0,34 í 0,5.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seltjarnarnesi, 17. febrúar 2022.

F.h. Seltjarnarnesbæjar,

Brynjar Þór Jónasson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 7. mars 2022